



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi

Erindi nr. P 139/1886

komudagur 1.4.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. apríl 2011

Umsögn um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár, 540. mál

Skv. frumvarpinu skal iðnaðarráðherra veita Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár og skal fyrirtækið hefja framkvæmdir hið fyrsta. Tilgreindir eru þrír virkjunarkostir sem allir hafa farið í gegnum umhverfismat.

Samorka fagnar því ef iðnaðarráðherra afgreiðir virkjunarleyfi vegna umræddra virkjunarkosta, enda um að ræða ákjósanlega virkjunarkosti sem allt bendir til að ágæt sátt eigi að geta ríkt um að farið verði í. Hins vegar er mikilvægt að orkufyrirtæki hafi hverju sinni svigrúm til að meta hagkvæmni og tímasetningar hugsanlegra framkvæmda með hliðsjón af stöðu samningaviðræðna við hugsanlega orkukaupendur, aðgangi að fjármagni á hagstæðum kjörum o.s.frv. Því telur Samorka ekki æskilegt að Alþingi samþykki lög þess efnis að tilteknu orkufyrirtæki beri að hefja tiltekna framkvæmdir hið fyrsta, eins og það er orðað í frumvarpinu.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri